

Lestrarstefna Myllubakkaskóla



Efnisyfirlit

<i>Inngangur</i>	1
<i>Læsi</i>	2
<i>Lestrarkennsla</i>	2
<i>Lesskilningur</i>	2
<i>Lesferill</i>	3
<i>Lesfimi</i>	3
<i>Lestrarkennsla í 1. bekk</i>	4
<i>Lesskilningur í 1. bekk</i>	5
<i>Lestrarkennsla í 2. bekk</i>	6
<i>Lesskilningur í 2. bekk</i>	7
<i>Lestrarkennsla í 3. bekk</i>	8
<i>Lesskilningur í 3. bekk</i>	9
<i>Lestrarkennsla í 4. bekk</i>	10
<i>Lesskilningur í 4. bekk</i>	11
<i>Lestrarkennsla í 5. bekk</i>	12
<i>Lesskilningur í 5. bekk</i>	13
<i>Lestrarkennsla í 6. bekk</i>	14
<i>Lesskilningur í 6. bekk</i>	15
<i>Lestrarkennsla í 7. bekk</i>	16
<i>Lesskilningur í 7. bekk</i>	17
<i>Lestur í 8. bekk</i>	18
<i>Lestur í 9. bekk</i>	19
<i>Lestur í 10. bekk</i>	20
<i>Nánar um kennsluaðferðir</i>	21
<i>Nánar um matstæki</i>	25
<i>Hugmyndir fyrir foreldra</i>	27

Inngangur

Við vitum að góð færni í lestri er undirstaða fyrir allt nám. Góð lestrarfærni er einnig forsenda lestraráhuga og þess að njóta bókmennta til afþreyingar og skemmtunar. Lestur bókmennta er mikilvægur liður í almennri lestrarþjálfun og mótun sjálfsmyndar barna. Lestur stuðlar að betri skilningi á mannlegu eðli, menningu og fleiru. Rannsóknir hafa sýnt að börn sem lesa reglulega og lesið er fyrir bæta við sig fjölmörgum nýjum orðum í hverri viku. Mikilvægt er að vekja áhuga nemenda í öllum árgöngum á lestri og gera þeim grein fyrir mikilvægi góðrar lestrarkunnáttu.

Haustið 2012 var skipað lestrarteymi í skólanum sem átti að skoða lestrarkennsluna og setja fram gott skipulag fyrir hvern árgang um bættu færni í lestri og lesskilningi. Hér eru sett fram markmið, kennsluaðferðir, námsefni, matstæki, viðmið og úrræði fyrir hvern árgang. Með þessu skipulagi teljum við að lestrarkennslan verði markvissari og eftirfylgni með lestrinum betri. Lestrarstefnan verður yfirfarin árlega.

Elínborg Sigurðardóttir
Eva Björk Sveinsdóttir
Hanna Lís Einarsdóttir
Heba Friðriksdóttir
Íris Dröfn Halldórsdóttir
Tinna Ösp Káradóttir
Unnur Guðmundsdóttir

Endurskoðað 2018

Heba Friðriksdóttir
Hildur Bjarney Torfadóttir
Unnur Guðmundsdóttir

Endurskoðað 2021

Heba Friðriksdóttir
Helena Rut Borgarsdóttir
Hildur Bjarney Torfadóttir
Tinna Ösp Káradóttir
Unnur Guðmundsdóttir

Læsi

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla felst einkum tvennt í læsi, lestur og ritun. Í traustu læsi felst m.a. sú hæfni að geta ráðið í letur, skilið og túlkað það sem texti hefur að geyma, lært af því og geta miðlað þekkingu sinni til viðmælanda eða lesanda.

Lestrarkennsla

Grunnlestraraðferð skólans er hljóðaaðferð en hugmyndir úr öðrum kennsluaðferðum eru einnig nýttar. Þegar hljóðaaðferð er beitt er byrjað að kenna stafi og hljóð. Hver stafur hefur sitt hljóð, næsta skref er að tengja saman hljóðin og mynda með þeim mælt mál sem felur í sér orð og síðan setningar. Lestur er ekki einangrað fyrirbrigði í upphafi lestrarkennslu því auk hans eru þættir eins og mál og málþroski ákaflega mikilvægir fyrir lestrarnámið. Nemendur þurfa að fá þau skilaboð frá kennurum sínum að lestrarnám tekur mislangan tíma og að það sé fullkomlega eðlilegt. Sérhver nemandi fær tækifæri til að bæta sig í takt við þá námshæfni sem hann býr að. Kennarar leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir að tilfinningalegir örðugleikar þróist hjá barni með slaka lestrarfærni.

Í 1. bekk er lögð fyrir skimun frá Menntamálastofnun sem kallast Leið til læsis. Þetta er ný skimun sem fylgir breyttum áherslum í lestrarkennslu. Þar eru forspárþættir varðandi lestrarerfiðleika athugaðir. Bæði stafapekking og hljóðkerfisvitund geta gefið vísbendingar um erfiðleika. Brugðist er við niðurstöðum með því að skipta nemendum þrisvar til fjórum sinnum í viku í hópa og veita þeim þjónustu sem miðar að því að þeir taki framförum út frá eigin stöðu. Ef nemandi er ágætlega læs kann hann stafina og því óþarft að leggja þá inn. Ef nemandi á í vandræðum með að fylgja hraða stafainnlagnar þarf hann frekari þjálfun og vinnu með stafina og hljóðkerfisvitund.

Notast er við margs konar aðferðir til að þjálfra þessa þætti hjá nemendum og má þar nefna spil, leiki, samlestur, paralestur, myndasögur og ýmis kennsluforrit. Mjög mikilvægt er að allir nemendur lesi upphátt í skóla og heima á hverjum degi. Nemendur eru með kvittunarbók þar sem kennari og foreldri kvitta fyrir lestri nemandans.

Lesskilningur

Áður en nemandi er orðinn læs hefur hann væntanlega hlustað á ýmis konar sögur og þjálfað með sér skilning út frá hlustun. Þegar nemandi hefur hins vegar vald á lestri er mjög mikilvægt að huga vel að því að hann skilji innihald textans. Við tölum um lesskilning þegar nemandi meðtekur merkingu lesins texta. Markviss þjálfun á lesskilningi er í öllum árgöngum skólans og fara nemendur reglulega í lesskilningspróf.

Lesferill

Lesferill er matstæki Menntamálastofnunar á grunnþáttum læsis. Hlutverk þessa tækis er að meta grunnþætti læsis, þ.e. lesfimi, lesskilning, málskilning og orðaforða og einnig ritun. Þessir þættir eru þó ekki allir komnir til framkvæmda en mælitækinu í heild sinni er ætlað að verða tilbúið haustið 2021. Lesferill inniheldur stöðupróf þar sem staða nemandans miðað við jafnaldra er metin. Stöðuprófin taka mið af Aðalnámskrá grunnskóla. Þau eru fyrst og fremst hugsuð sem verkfæri fyrir skóla til að bæta kennslu og koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Lesfimi

Lesfimi er færni sem byggir á nákvæmni, sjálfvirkni og hrynrunum þáttum tungumálsins en allir þessir þættir stuðla að auknum lesskilningi. Hún birtist í sjálfvirkum fyrirhafnarlausum lestri sem lesinn er í viðeigandi hendingum og með réttu hljómfalli. Lesfimi er mikilvæg við upplestur og hljóðlestur og getur bæði takmarkað og stutt við lesskilning“ (Helga Sigurmundsdóttir, 2016; Kuhn, Schwanenflugel, Meisinger, 2010).

Maíviðmið fyrir lesfimipróf Lesferils - fjöldi rétt lesinna orða á mínútu

Aldur nemenda	Viðmið 1 90% viðmið	Viðmið 2 50% viðmið	Viðmið 3 25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210



MARKMIÐ

- * Að nemendur læri heiti og hljóð allra bókstafanna
- * Að nemendur læri að tengja hljóðin(stafina) þ.e. að hljóða
- * Að nemendur hafi ánægju af lestri og hlustun
- * Að hver og einn geti lesið efni tengt getu og áhuga

KENNSLUÆÐFERÐIR

- * Við lestrarkennsluna er aðallega stuðst við hljóðaaðferðina
- * Heimalestur daglega - kennari fylgist með og skráir
- * Nemandi les upphátt daglega í skólanum
- * Kórlestur (laesisvefurinn.is)
- * Flutningur á eigin texta og textum annarra í pontu, t.d. sögubók
- * Yndislestur í 10-15 mínútur, 2 - 3 sinnum í viku á vorönn
- * Unnið eftir aðferðafræði Leið til læsis
- * K-PALS
- * Lestraráttak - vor
- * Lestrarmót með 5. bekk
- * Sumarlestur

NÁMSEFNI

- | | |
|----------------------------|--|
| * Lestrarlandið + vinnubók | * Lubbi finnur málbein |
| * Bókasafn kennarans | * Lærum og leikum með hljóðin (CD og Ipad) |
| * Við lesum A | * Bækur af bókasafni |
| * Markviss málörvun | |

MATSTÆKI

- * Könnun á stafa/hljóðakunnáttu nemenda er gerð reglulega allt árið og skráð
- * Lesferill í september, janúar og maí
- * Lesskimun fyrir 1. bekk (október)
- * Læsi 1., 2. og 3. hefti í nóvember, febrúar og maí
- * Markviss skráning kennara á lestrarframvindu nemanda - skráning í mentor

VIÐMIÐ

Við lok 1. bekkjar er stefnt að því að:

- * 90% nemenda náí að lesa 20 orð á mínútu (viðmið 1)
- * 50% nemenda náí að lesa 55 orð á mínútu (viðmið 2)
- * 25% nemenda náí að lesa 75 orð á mínútu (viðmið 3)

ÚRRÆÐI

- * Snemmtæk íhlutun - skimanir, stuðningur og sérkennsla
- * Ráðgjöf hjá sérkennara
- * Stuðningur
- * Eftirfylgd með foreldrum (Leið til læsis)

Lesskilningur í 1. bekk

MARKMIÐ

- * Að nemendur verði færir um að lesa léttan texta, lesi vísur og ljóð, geti lesið bækur sér til fróðleiks og skemmtunar miðað við lestrargetu og áhuga
- * Að nemendur geti svarað spurningum úr lesnum texta eða eftir hlustun
- * Að nemendur kynnist íslenskum þjóðsögum og þekktum ævintýrum
- * Að nemendur kynnist hugtökum eins og höfundur og sögupersóna
- * Að nemendur fái lesefni við hæfi og auki orðaforða sinn
- * Að nemendur efli lesskilning með því að vinna fjölbreytt verkefni við hæfi
- * Að auka hæfni nemenda til náms

KENNSLUÆFERÐIR

- * Heimalestur daglega, kennari fylgist með og skráir
- * Daglega hlustað á framhaldssögu, hún rædd og nemendur spurðir út í efnið
- * Lestur ólíkra texta og ýmis lesskilningsverkefni unnin
- * Nemendur lesa í hljóði/upphátt í 10 - 15 mínútur, 2 - 3 daga í viku á vorönn
- * Flutningur á eigin texta í pontu
- * Leið til læsis
- * Hugtakakort
- * Markviss skráning kennara á árangri nemenda

NÁMSEFNI

- | | |
|----------------------------|--|
| * Markviss málörvun | * Bækur af bókasafni |
| * Lestrarlandið + vinnubók | * Ýmsir textar og verkefni (t.d. skolavefurinn.is) |
| * Við lesnum A + vinnubók | * Lubbi finnur málbein |
| * Bókasafn kennarans | * Verkefnablöð í möppu |

MATSTÆKI

- * Læsi 1., 2. og 3. hefti í nóvember, febrúar og maí

VIÐMIÐ

- A - framúrskarandi árangur
- B - hæfni náð
- C - þarfnast þjálfunar
- D - hæfni ekki náð

ÚRRÆÐI

- * Ráðgjöf hjá sérkennara
- * Ráðgjöf frá kennsluráðgjöfum á FRÆ





MARKMIÐ

- * Að auka lestrarhraða
- * Að nemendur lesi bækur við hæfi
- * Að auka áhuga nemenda á lestri og hlustun
- * Að nemendur þjálfist í lesfimi

KENNSLUÆÐFERÐIR

- * Heimalestur daglega - kennari fylgist með og skráir
- * Nemandi les upphátt daglega í skólanum
- * Daglega hlustað á framhaldssögu, hún rædd og nemendur spurðir út í efnið
- * Lestur ólíkra texta
- * Hópaletur og kórlestur (laesisvefurinn.is)
- * Flutningur á eigin texta og textum annarra í pontu
- * Yndislestur í 10 - 15 mínútur 2 - 3x í viku - yndislestur
- * Unnið eftir aðferðafræði Leið til læsis
- * Prepamarkmið
- * Lestraráttak (haust og vor)
- * Lestrarmót með 6. bekk
- * Sumarlestur

NÁMSEFNI

- | | |
|----------------------------|---------------------------------|
| * Bókasafn kennarans | * Lestrartextar við hæfi |
| * Hóplestrarbækur af lista | * Bækur af bókasafni |
| * Markviss málörvun | * Sestu og lestu bókaflokkurinn |
| * Eitt skref í einu | |

MATSTÆKI

- * Stafakönnun fyrir þá sem þess þurfa
- * Lesferill í september, janúar og maí
- * Læsi, 1. og 2. hefti í febrúar og apríl
- * Markviss skráning kennara á lestrarframvindu nemanda - skráning á mentor

VIÐMIÐ

Við lok 2. bekkjar er stefnt að því að:

- * 90% nemenda náí að lesa 40 orð á mínútu (viðmið 1)
- * 50% nemenda náí að lesa 85 orð á mínútu (viðmið 2)
- * 25% nemenda náí að lesa 100 orð á mínútu (viðmið 3)

ÚRRÆÐI

- * Ráðgjöf hjá sérkennara
- * Stuðningur
- * Lestrarvinir

Lesskilningur í 2. bekk

MARKMIÐ

- * Að nemendur hafi ánægju og gagn af lestri og hlustun
- * Að hver og einn lesi efni tengt getu og áhuga
- * Að auka hæfni nemenda til þess að lesa sér til skilnings
- * Að nemendur geti svarað spurningum úr lesnum texta eða eftir hlustun
- * Að greina aðalatriði úr texta og draga ályktanir af honum
- * Að nemendur þjálfist í að tengja það sem þeir lesa við þá kunnáttu sem þeir hafa
- * Að auka hæfni nemenda til náms

KENNSLUÆÐFERÐIR

- * Heimalestur daglega, kennari fylgist með og skráir
- * Daglega hlustað á framhaldssögu, hún rædd og nemendur spurðir út í efnið
- * Lestur ólíkra texta og ýmis lesskilningsverkefni unnin
- * Nemendur lesa í hljóði/upphátt í 10 - 15 mínútur, 2 - 3 daga í viku á vorönn
- * Flutningur á eigin texta í pontu
- * Leið til læsis
- * Hugtakakort
- * Hlustunaræfingar
- * Markviss skráning kennara á árangri nemenda

NÁMSEFNI

- * Lesskilningur og teikningar - ljósrit
- * Litla lesrún
- * Bækur Auðbjargar (Skólavefurinn)
- * Verkefnablöð í möppu

MATSTÆKI

- * Læsi 1. og 2. hefti í nóvember og febrúar
- * Lesskilningspróf í október og apríl

VIÐMIÐ

- A - framúrskarandi árangur
- B - hæfni náð
- C - þarfnast þjálfunar
- D - hæfni ekki náð

ÚRRÆÐI

- * Ráðgjöf hjá sérkennara
- * Ráðgjöf frá kennsluráðgjöfum á FRÆ





MARKMIÐ

- * Að nemendur þjálfist í lesfimi
- * Að auka lestrarhraða
- * Að nemendur hafi ánægju af lestri og hlustun
- * Að hver og einn lesi efni tengt getu og áhuga
- * Að lesa eftir greinamerkjum
- * Að byrja formlegri framsagnarþjálfun

KENNSLUADFERÐIR

- * Heimalestur daglega - kennari fylgist með og skráir
- * Nemandi les daglega í skólanum
- * Hópaletur og vinalestur (laesisvefurinn.is)
- * Flutningur á eigin texta og textum annarra í pontu
- * Yndislestur í 10 - 15 mínútur alla daga vikunnar
- * Unnið eftir aðferðafræði Leið til læsis
- * Prepamarkmið
- * Lestraráttak (haust og vor)
- * Lestrarmót með 7. bekk
- * Sumarlestur

NÁMSEFNI

- | | |
|---------------------------------|--------------------------|
| * Bókasafn kennarans | * Lestrartextar við hæfi |
| * Hóplestrarbækur af lista | * Bækur af bókasafni |
| * Tölvuforrit | * Eitt skref í einu |
| * Sestu og lestu bókaflokkurinn | |

MATSTÆKI

- * Lesferill í september, janúar og maí
- * Lestrarlag metið út frá matsramma frá MMS að hausti og vori
- * Markviss skráning kennara á lestrarframvindu nemanda - skráning á mentor
- * Sértek próf ef grunur er um lestrarvanda

VIÐMIÐ

Við lok 3. bekkjar er stefnt að því að:

- * 90% nemenda ná að lesa 55 orð á mínútu (viðmið 1)
- * 50% nemenda ná að lesa 100 orð á mínútu (viðmið 2)
- * 25% nemenda ná að lesa 120 orð á mínútu (viðmið 3)

ÚRRÆÐI

- | | |
|--------------------------|------------------|
| * Ráðgjöf hjá sérkennara | * Fjölpjóðadeild |
| * Stuðningur | * Lestrarvinir |

Lesskílningur í 3. bekk

MARKMIÐ

- * Að nemendur hafi ánægju og gagn af lestri og hlustun
- * Að hver og einn lesi efni tengt getu og áhuga
- * Að auka hæfni nemenda til þess að lesa sér til skilnings
- * Að nemendur geti svarað spurningum úr lesnum texta eða eftir hlustun
- * Að greina aðalatriði úr texta og draga ályktanir af honum
- * Að nemendur þjálfist í að tengja það sem þeir lesa við þá kunnáttu sem þeir hafa
- * Að auka hæfni nemenda til náms

KENNSLUÆÐFERÐIR

- * Heimalestur daglega, kennari fylgist með og skráir
- * Daglega hlustað á framhaldssögu, hún rædd og nemendur spurðir út í efnið
- * Lestur ólíkra texta og ýmis lesskilningsverkefni unnin
- * Hópalestur 2 - 3 sinnum í viku
- * Hlustunaræfingar og verkefni tengd þeim
- * Markviss skráning kennara á árangri nemenda
- * Leið til læsis

NÁMSEFNI

- * Efni af skólavefnum
- * Labbi pabbakútur og verkefni
- * Sögur af Alla Nalla og verkefni
- * Lesrún 1
- * Bækur Auðbjargar (Skólavefurinn)
- * Hóplestrarbækur af lista
- * Textar úr gömlum samræmdum prófum
- * Ýmis verkefni frá kennara (verkefnablöð í möppu)

MATSTÆKI

- * Orðarún 3A - apríl
- * Lesskilningspróf október, nóvember, mars

VIÐMIÐ

- A - framúrskarandi árangur
- B - hæfni náð
- C - þarfnast þjálfunar
- D - hæfni ekki náð

ÚRRÆÐI

- * Ráðgjöf hjá sérkennara
- * Ráðgjöf frá kennsluráðgjöfum á FRÆ





MARKMIÐ

- * Að nemendur þjálfist í lesfimi
- * Að auka lestrarhraða
- * Að nemendur hafi ánægju af lestri og hlustun
- * Að hver og einn lesi efni tengt getu og áhuga
- * Að lesa eftir greinamerkjum
- * Að þjálfast í framsögn

KENNSLUÆÐFERÐIR

- * Heimalestur daglega - kennari fylgist með og skráir
- * Nemandi les daglega í skólanum
- * Hópastur, vinalestur og Samþætt lesfimi (FORI) (laesisvefurinn)
- * Flutningur á eigin texta og textum annarra í pontu
- * Yndislestur í 10 - 15 mínútur alla daga vikunnar
- * PALS (vor)
- * Lestraráttak (haust og vor)
- * Sumarlestur
- * Litla upplestrarkeppnin

NÁMSEFNI

- | | |
|---|--------------------------|
| * Bókasafn kennarans | * Lestrartextar við hæfi |
| * Hóplestrarbækur af lista | * Bækur af bókasafni |
| * Eitt skref í einu | * Tölvuforrit |
| * Sestu og lestu bókaflokkurinn | |
| * Námsfni frá kennara,
litla uppl. keppnin | |

MATSTÆKI

- * Lesferill í september, janúar og maí
- * Lestrarlag metið út frá matsramma frá MMS að hausti og vori
- * Markviss skráning kennara á lestrarframvindu nemanda - skráning í mentor
- * Sértek próf ef grunur er um lestrarvanda

VIÐMIÐ

Við lok 4. bekkjar er stefnt að því að:

- * 90% nemenda nái að lesa 80 orð á mínútu (viðmið 1)
- * 50% nemenda nái að lesa 120 orð á mínútu (viðmið 2)
- * 25% nemenda nái að lesa 145 orð á mínútu (viðmið 3)

ÚRRÆÐI

- | | |
|--------------------------|------------------|
| * Ráðgjöf hjá sérkennara | * Fjölbjóðadeild |
| * Stuðningur | * Lestrarvinir |

Lesskílningur í 4. bekk

MARKMIÐ

- * Að nemendur hafi ánægju og gagn af lestri og hlustun
- * Að hver og einn lesi efni tengt getu og áhuga
- * Að auka hæfni nemenda til þess að lesa sér til skilnings
- * Að nemendur geti svarað spurningum úr lesnum texta eða eftir hlustun
- * Að greina aðalatriði úr texta og draga ályktanir af honum
- * Að nemendur þjálfist í að tengja það sem þeir lesa við þá kunnáttu sem þeir hafa
- * Að auka hæfni nemenda til náms

KENNSLUÆÐFERÐIR

- * Heimalestur daglega, kennari fylgist með og skráir
- * Daglega hlustað á framhaldssögu, hún rædd og nemendur spurðir út í efnið
- * Hópaletur 2 - 3 sinnum í viku
- * Lestur ólíkra texta og ýmis lesskilningsverkefni unnin
- * Hlustunaræfingar og verkefni tengd þeim
- * Markviss skráning kennara á árangri nemenda
- * Leið til læsis
- * PALS
- * Hugtakakort

NÁMSEFNI

- * Efni af skólavefnum
- * Lesrún 2
- * Bækur Auðbjargar (Skólavefurinn)
- * Hóplestrarbækur af lista
- * Ýmis verkefni frá kennara
- * Skinna 1 og 2
- * Hlusta.is - 1. stig

MATSTÆKI

- * Orðarún – 3B í október og 4A í apríl
- * Lesskilningspróf haustönn – september og nóvember
- * Lesskilningspróf vorönn – febrúar og mars

VIÐMIÐ

- A - framúrskarandi árangur
- B - hæfni náð
- C - þarfnast þjálfunar
- D - hæfni ekki náð

ÚRRÆÐI

- * Ráðgjöf hjá sérkennara
- * Ráðgjöf frá kennsluráðgjöfum á FRÆ





MARKMIÐ

- * Að auka lestrarhraða
- * Að nemendur hafi ánægju af lestri og hlustun
- * Að hver og einn lesi efni tengt getu og áhuga
- * Að lesa eftir greinamerkjum
- * Að þjálfast í framsögn
- * Að lesa úr myndritum
- * Að kunna að nota handbækur
- * Að auka lesfimi

KENNSLUÆÐFERÐIR

- * Heimalestur daglega - kennari fylgist með og skráir
- * Nemandi les fyrir kennara a.m.k. þrisvar í viku
- * Hópaletur, Greinarmerkin, mótun hendinga (laesisvefurinn.is)
- * Flutningur á eigin texta og textum annarra í pontu
- * Yndislestur í 10 - 15 mínútur 2 - 3x í viku
- * Lestraráttak - haust og vor
- * Lestrarmót með 1. bekk
- * Lestur fyrir heimaleikskóla
- * Sumarlestur

NÁMSEFNI

- | | |
|---|--------------------------|
| * Flökkuskinna, Orðspor 1, Didda og dauði kötturinn | * Lestrartextar við hæfi |
| * Hóplestrarbækur af lista | * Bækur af bókasafni |
| * Eitt skref í einu | * Tölvuforrit |
| * Æfingin skapar meistarann | |
| * Sestu og lestu bókaflokkurinn | |

MATSTÆKI

- * Lesferill í september, janúar og maí
- * Lestrarlag metið út frá matsramma frá MMS að hausti og vori
- * Markviss skráning kennara á lestrarframvindu nemanda - skráning í mentor
- * Sértek próf ef grunur er um lestrarvanda

VIÐMIÐ

Við lok 5. bekkjar er stefnt að því að:

- * 90% nemenda nái að lesa 90 orð á mínútu (viðmið 1)
- * 50% nemenda nái að lesa 140 orð á mínútu (viðmið 2)
- * 25% nemenda nái að lesa 160 orð á mínútu (viðmið 3)

ÚRRÆÐI

- | | |
|--------------------------|------------------|
| * Ráðgjöf hjá sérkennara | * Fjölpjóðadeild |
| * Stuðningur | * Hljóðbækur |

Lesskílningur í 5. bekk

MARKMIÐ

- * Að nemendur hafi ánægju og gagn af lestri og hlustun
- * Að hver og einn lesi efni tengt getu og áhuga
- * Að auka hæfni nemenda til þess að lesa sér til skilnings
- * Að nemendur geti svarað spurningum úr lesnum texta eða eftir hlustun
- * Að greina aðalatriði úr texta og draga ályktanir af honum
- * Að nemendur þjálfist í að tengja það sem þeir lesa við þá kunnáttu sem þeir hafa
- * Að auka hæfni nemenda til náms

KENNSLUÆÐFERÐIR

- * Heimalestur daglega, kennari fylgist með og skráir
- * Daglega hlustað á framhaldssögu, hún rædd og nemendur spurðir út í efnið
- * Hópaðlestur 2 - 3 sinnum í viku
- * Lestur ólíkra texta og verkefni tengd þeim
- * Hlustunaræfingar og verkefni tengd þeim
- * Markviss skráning kennara á árangri nemenda
- * Gagnvirkur lestur
- * Hugtakakort

NÁMSEFNI

- * Flökkuskinna, Orðspor 1, Didda og dauði kötturinn
- * Fyrsti smellur
- * Hóplestrarbækur af lista
- * Bækur af bókasafni
- * Lesefni af vef. T.d. skólavefurinn.is og mms.is
- * Hlusta.is - 2. stig

MATSTÆKI

- * Orðarún - október 4B og apríl 5A
- * Lesskílningspróf haustönn – september og nóvember
- * Lesskílningspróf vorönn – febrúar og mars

VIÐMIÐ

- A - framúrskarandi árangur
- B - hæfni náð
- C - þarfnast þjálfunar
- D - hæfni ekki náð

ÚRRÆÐI

- * Ráðgjöf hjá sérkennara
- * Ráðgjöf frá kennsluráðgjöfum á FRÆ





MARKMIÐ

- * Að auka lestrarhraða
- * Að nemendur hafi ánægju af lestri og hlustun
- * Að hver og einn lesi efni tengt getu og áhuga
- * Að lesa eftir greinamerkjum
- * Að þjálfast í framsögn
- * Að lesa úr myndritum
- * Að kunna að nota handbækur
- * Að auka lesfimi

KENNSLUÆÐFERÐIR

- * Heimalestur daglega - kennari fylgist með og skráir
- * Samlestur
- * Kennarastýrður hljóðlestur (laesisvefurinn.is)
- * Flutningur á eigin texta og textum annarra í pontu
- * Yndislestur í 10 - 15 mínútur 2 - 3x í viku
- * Gagnvirkur lestur
- * Hugtakakort
- * Lestraráttak
- * Lestrarmót með 2. bekk
- * Lestur fyrir heimaleikskóla

NÁMSEFNI

- | | |
|--|--------------------------|
| * Söguskinna, Orðspor 2, Benjamín dúfa | * Lestrartextar við hæfi |
| * Samlestrarbækur valdar á bókasafni | * Bækur af bókasafni |
| * Æfingin skapar meistarann | * Tölvuforrit |

MATSTÆKI

- * Lesferill í september, janúar og maí
- * Lestrarlag metið út frá matsramma frá MMS að hausti og vori
- * Markviss skráning kennara á lestrarframvindu nemanda - skráning í mentor
- * Logos skimun í október fyrir þá sem eru undir viðmiði 1
- * Sértek próf ef grunur er um lestrarvanda

VIÐMIÐ

Við lok 6. bekkjar er stefnt að því að:

- * 90% nemenda náði að lesa 105 orð á mínútu (viðmið 1)
- * 50% nemenda náði að lesa 155 orð á mínútu (viðmið 2)
- * 25% nemenda náði að lesa 175 orð á mínútu (viðmið 3)

ÚRRÆÐI

- | | |
|--------------------------|------------------|
| * Ráðgjöf hjá sérkennara | * Fjölbjóðadeild |
| * Stuðningur | * Hljóðbækur |
| * Lestraráttak | |

Lesskílningur í 6. bekk

MARKMIÐ

- * Að nemendur hafi ánægju og gagn af lestri og hlustun
- * Að hver og einn lesi efni tengt getu og áhuga
- * Að auka hæfni nemenda til þess að lesa sér til skilnings
- * Að nemendur geti svarað spurningum úr lesnum texta eða eftir hlustun
- * Að greina aðalatriði úr texta og draga ályktanir af honum
- * Að nemendur þjálfist í að tengja það sem þeir lesa við þá kunnáttu sem þeir hafa
- * Að auka hæfni nemenda til náms

KENNSLUÆFFERÐIR

- * Heimalestur daglega, kennari fylgist með og skráir
- * Daglega hlustað á framhaldssögu, hún rædd og nemendur spurðir út í efnið
- * Samlestur
- * Lestur ólíkra texta og verkefni tengd þeim
- * Hlustunaræfingar og verkefni tengd þeim
- * Markviss skráning kennara á árangri nemenda
- * Gagnvirkur lestur
- * Hugtakakort

NÁMSEFNI

- * Söguskinna, Orðspor 2, Benjamín dúfa
- * Samlestrarbækur valdar á bókasafni
- * Annar smellur
- * Bækur af bókasafni
- * Lesefni af vef. T.d. skólavefurinn.is og mms.is
- * Hlusta.is - 3. stig

MATSTÆKI

- * Orðarún - október 5B og apríl 6A
- * Lesskílningspróf haustönn - september, nóvember og desember
- * Lesskílningspróf vorönn - febrúar, mars og maí

VIÐMIÐ

- A - framúrskarandi árangur
- B - hæfni náð
- C - þarfnast þjálfunar
- D - hæfni ekki náð

ÚRRÆÐI

- * Ráðgjöf hjá sérkennara
- * Ráðgjöf frá kennsluráðgjöfum á FRÆ
- * Hljóðbækur





MARKMIÐ

- * Að auka lestrarhraða
- * Að nemendur hafi ánægju af lestri og hlustun
- * Að hver og einn lesi efni tengt getu og áhuga
- * Að lesa eftir greinamerkjum
- * Að þjálfast í framsögn
- * Að lesa úr myndritum
- * Að kunna að nota handbækur
- * Að auka lesfimi

KENNSLUADFERÐIR

- * Heimalestur daglega - kennari fylgist með og skráir
- * Nemandi les fyrir kennara/stuðningsfulltrúa 2 - 3 sinnum í viku
- * Samlestur
- * Kennarastýrður hljóðlestur (laesisvefurinn.is)
- * Flutningur á eigin texta og textum annarra í pontu
- * Yndislestur í 10 - 15 mínútur 2 - 3 sinnum í viku
- * Lestur ólíkra texta, t.d. smásögur, fræðitextar, fornsögur, þjóðsögur, ævintýri og ljóð
- * Upplestur og framsagnaræfingar
- * Gagnvirkur lestur
- * Lestraráttak á hvorri önn
- * Lestrarmót með 3. bekk
- * Stóra upplestrarkeppnin

NÁMSEFNI

- | | |
|--------------------------------------|---|
| * Töfraskinna, Orðspor 3, Draugaslóð | * Samlestrarbækur af lista |
| * Kjalnesingasaga | * Efni frá kennara - stóra uppl.keppnin |
| * Trunt, trunt og tröllin | * Bækur af bókasafni |
| * Heimur í hendi – verkefni | * Tölvuforrit |
| * Æfingin skapar meistaran | |

MATSTÆKI

- * Lesferill í september, janúar og maí
- * Lestrarlag metið út frá matsramma frá MMS að hausti og vori
- * Markviss skráning kennara á lestrarframvindu nemanda - skráning í mentor
- * Sértek próf ef grunur er um lestarvanda

VIÐMIÐ

Við lok 7. bekkjar er stefnt að því að:

- * 90% nemenda ná að lesa 120 orð á mínútu (viðmið 1)
- * 50% nemenda ná að lesa 165 orð á mínútu (viðmið 2)
- * 25% nemenda ná að lesa 190 orð á mínútu (viðmið 3)

ÚRRÆÐI

- | | |
|----------------------------------|------------------|
| * Ráðgjöf hjá sérkennara | * Fjölbjóðadeild |
| * Aukinn lestur heima og í skóla | * Hljóðbækur |

Lesskilningur í 7. bekk

MARKMIÐ

- * Að nemendur hafi ánægju og gagn af lestri og hlustun
- * Að hver og einn lesi efni tengt getu og áhuga
- * Að auka hæfni nemenda til þess að lesa sér til skilnings
- * Að nemendur geti svarað spurningum úr lesnum texta eða eftir hlustun
- * Að greina aðalatriði úr texta og draga ályktanir af honum
- * Að nemendur þjálfist í að tengja það sem þeir lesa við þá kunnáttu sem þeir hafa
- * Að auka hæfni nemenda til náms

KENNSLUADFERÐIR

- * Heimalestur daglega, kennari fylgist með og skráir
- * Daglega hlustað á framhaldssögu, hún rædd og nemendur spurðir út í efnið
- * Samlestur 2 - 3 sinnum í viku
- * Lestur ólíkra texta og verkefni tengd þeim
- * Hlustunaræfingar og verkefni tengd þeim
- * Markviss skráning kennara á árangri nemenda
- * Gagnvirkur lestur
- * Hugtakakort

NÁMSEFNI

- | | |
|---|--------------------------------------|
| * Trunt trunt og tröllin, Kjalnesingasaga, | * Samlestrarbækur valdar á bókasafni |
| * Töfraskinna, Orðspor 3, Draugaslóð | * Bækur af bókasafni |
| * Þriðji smellur, Arfurinn | * Hlusta.is - 4. stig |
| * Heimur í hendi | |
| * Lesefni af vef, t.d. skólavefurinn.is og mms.is | |

MATSTÆKI

- * Samræmd próf í september
- * Orðarún - október og apríl
- * Lesskilningspróf haustönn - september, nóvember
- * Lesskilningspróf vorönn - febrúar, mars

VIÐMIÐ

- A - framúrskarandi árangur
- B - hæfni náð
- C - þarfnast þjálfunar
- D - hæfni ekki náð

ÚRRÆÐI

- * Ráðgjöf hjá sérkennara
- * Ráðgjöf frá kennsluráðgjöfum á FRÆ
- * Hljóðbækur





MARKMIÐ

- * Að auka lesfimi
- * Að nemendur hafi ánægju af lestri og hlustun
- * Að viðhalda daglegum lestri og efla vilja til lesturs
- * Að greina aðalatriði úr texta og draga ályktanir af honum
- * Að lesa eftir greinamerkjum og úr myndritum
- * Að þjálfast í framsögn
- * Að kunna að nota handbækur og önnur uppflettirit
- * Að auka almenna hæfni nemenda til náms

KENNSLUÆÐFERÐIR

- * Heimalestur daglega - nemandi heldur lestrardagbók sem er skilað vikulega
- * Lestur ólíkra texta sem fylgja námsefninu t.d. skáldsögur, smásögur, fornsögur, goðsögur, þjóðsögur, ævintýri og ljóð
- * Flutningur á eigin texta og textum annarra í pontu
- * Hraðlestur
- * Útvarpsleikhús (laesisvefurinn.is)

NÁMSEFNI

- | | |
|-------------------------------|-----------------------------------|
| * Mánudagur einu sinni í viku | * Hlusta.is - 5. stig |
| * Gunnlaugssaga ormsunga | * Ljóð |
| * Sérðu það sem ég sé | * Bækur af bókasafni |
| * Kveikjur | * Ýmsir námsvefir t.d. nams.is og |
| * Auðlesnar sögubækur (MMS) | skolavefurinn.is |
| * Sögur úr Goð og garpar | * Æfingin skapar meistarann |

MATSTÆKI

- * Lesferill í september, janúar og maí
- * Lestrarlag metið út frá matsramma frá MMS að hausti og vori
- * Orðarún - október og apríl
- * Lesskilningspróf - þrjú á hvorri önn
- * Markviss skráning kennara á lestrarframvindu nemanda - skráning í mentor
- * Sértek próf ef grunur er um lestrarvanda

VIÐMIÐ

Við lok 8. bekkjar er stefnt að því að:

- * 90% nemenda náí að lesa 130 orð á mínútu (viðmið 1)
- * 50% nemenda náí að lesa 180 orð á mínútu (viðmið 2)
- * 25% nemenda náí að lesa 210 orð á mínútu (viðmið 3)

Lesskilningur:

- A - framúrskarandi árangur
- B - hæfni náð
- C - þarfnast þjálfunar
- D - hæfni ekki náð

ÚRRÆÐI

- | | |
|--|------------------|
| * Ráðgjöf hjá sérkennara | * Fjölbjóðadeild |
| * Stuðningur | * Hljóðbækur |
| * Lestraráttak fyrir þá sem ná ekki viðmiðum | |



- * Að auka lesfimi
- * Að nemendur hafi ánægju af lestri og hlustun
- * Að viðhalda daglegum lestri og efla vilja til lesturs
- * Að greina aðalatriði úr texta og draga ályktanir af honum
- * Að lesa eftir greinamerkjum og úr myndritum
- * Að þjálfast í framsögn
- * Að kunna að nota handbækur og önnur uppflettirit
- * Að auka almenna hæfni nemenda til náms

KENNSLUÆÐFERÐIR

- * Heimalestur daglega - nemandi heldur lestrardagbók sem er skilað vikulega
- * Lestur ólíkra texta sem fylgja námsefninu t.d. skáldsögur, smásögur, fornsögur, goðsögur, þjóðsögur, ævintýri og ljóð
- * Flutningur á eigin texta og textum annarra í pontu
- * Útvarpsleikhús (laesisvefurinn.is)
- * Hraðlestur (jafningjalestur)

NÁMSEFNI

- | | |
|-----------------------------|--|
| * Neistar | * Hlusta.is - 6. stig |
| * Laxdæla | * Ljóð |
| * Mýrin | * Bækur af bókasafni (bókalisti frá kennara) |
| * Með fjaðrabliki | * Ýmsir námsvefir t.d. mms.is og |
| * Auðlesnar sögubækur (MMS) | skolavefurinn.is |
| * Æfingin skapar meistarann | |

MATSTÆKI

- * Samræmd próf í mars
- * Logossskimun fyrir þá nemendur sem eru undir Viðmiði 1 í lesfimi
- * Lesferill í september, janúar og maí
- * Lestrarlag metið út frá matsramma frá MMS að hausti og vori
- * Lesskilningspróf – þrjú á hvorri önn
- * Markviss skráning kennara á lestrarframvindu nemanda - skráning í mentor
- * Sértæk próf ef grunur er um lestrarvanda

VIÐMIÐ

Við lok 9. bekkjar er stefnt að því að:

- * 90% nemenda náí að lesa 140 orð á mínútu (viðmið 1)
- * 50% nemenda náí að lesa 180 orð á mínútu (viðmið 2)
- * 25% nemenda náí að lesa 210 orð á mínútu (viðmið 3)

Lesskilningur:

- A - framúrskarandi árangur
- B - hæfni náð
- C - þarfnast þjálfunar
- D - hæfni ekki náð

ÚRRÆÐI

- | | |
|--|------------------|
| * Ráðgjöf hjá sérkennara | * Fjölþjóðadeild |
| * Stuðningur | * Hljóðbækur |
| * Lestraráttak fyrir þá sem ná ekki viðmiðum | |



MARKMIÐ

- * Að auka lesfimi
- * Að nemendur hafi ánægju af lestri og hlustun
- * Að viðhalda daglegum lestri og efla vilja til lesturs
- * Að greina aðalatriði úr texta og draga ályktanir af honum
- * Að lesa eftir greinamerkjum og úr myndritum
- * Að þjálfast í framsögn
- * Að kunna að nota handbækur og önnur uppflettirit
- * Að auka almenna hæfni nemenda til náms
- * Að kynna ólíka stefnu bókmennta fyrir nemendum

KENNSLUÆÐFERÐIR

- * Heimalestur daglega - nemandi heldur lestrardagbók sem er skilað vikulega
- * Lestur ólíkra texta sem fylgja námsefninu t.d. skáldsögur, smásögur, fornsögur, goðsögur, þjóðsögur, ævintýri og ljóð
- * Flutningur á eigin texta og textum annarra í pontu
- * Hraðlestur
- * Útvarpsleikhús (laesisvefurinn.is)

NÁMSEFNI

- | | |
|--|---|
| <ul style="list-style-type: none"> * Englar alheimsins * Gíslasaga Súrssonar * Smásagnasmáræði * Mér er í mun * Logar * Sölvasaga unglings | <ul style="list-style-type: none"> * Þjóðsögur og ævintýri * Ljóð * Bækur af bókasafni (bókalisti frá kennara) * Ýmsir námsvefir t.d. nams.is og skolavefurinn.is |
|--|---|

MATSTÆKI

- * Lesferill í september, janúar og maí
- * Lestrarlag metið út frá matsramma frá MMS að hausti og vori
- * Lesskilningspróf - fjögur á hvorri önn
- * Markviss skráning kennara á lestrarframvindu nemanda - skráning í mentor
- * Sértek próf ef grunur er um lestrarvanda

VIÐMIÐ

Við lok 10. bekkjar er stefnt að því að:

- * 90% nemenda náí að lesa 145 orð á mínútu (viðmið 1)
- * 50% nemenda náí að lesa 180 orð á mínútu (viðmið 2)
- * 25% nemenda náí að lesa 210 orð á mínútu (viðmið 3)

Lesskilningur:

- A - framúrskarandi árangur
- B - hæfni náð
- C - þarfnast þjálfunar
- D - hæfni ekki náð

ÚRRÆÐI

- | | |
|--|--|
| <ul style="list-style-type: none"> * Ráðgjöf hjá sérkennara * Stuðningur | <ul style="list-style-type: none"> * Fjölbjóðadeild * Hljóðbækur |
|--|--|

Nánar um kennsluaðferðir

FORI - Samþætt lesfimikennsla (laesisvefurinn.is)

Allur bekkurinn vinnur saman með stutta sögu (A4 blað) í eina viku. Gott að taka þetta annað slagið yfir veturinn.

1. dagur - Forspá út frá fyrirsögn/nafni. Nafnið á sögunni er sett upp á töflu og nemendur spá fyrir um innihald sögunnar. Kennari les söguna einu sinni og velur 4-5 orð úr henni til að vinna með í vikunni (orðaforðakennsla). Sagan rædd.

2. dagur – Kórlestur Allir lesa söguna saman í kór 1-2 sinnum, af blaði eða glæru. Orðaforði: Hægt að nota þessi orð á annan hátt? t.d. teikna skýringarmynd við orðin, eða vinna með kyn, tölu og fall.

3. dagur – Bergmálslestur Kennari les fyrst eina línu/setningu og nemendur lesa saman sömu línu. Orðaforði: t.d. er hægt að finna samheiti við orð vikunnar (samheitastjarna)

4. dagur – Paralestur Nemendur lesa til skiptis eina línu/setningu. Tveir vinna saman. Orðaforði: t.d. sóknarskrift/upplestur (hægt að safna orðaforðalista í sérstaka bók)

5. dagur – Matsverkefni ef þarf Spurningar úr sögunni eða hvað annað sem okkur dettur í hug.

Prepamarkmið – lestrarátak

Notuð eru sérstök lestrarblöð sem skiptast í tíu þrep og eru misþung. Til í möppu hjá deildarstjóra. Mismörg blöð eru í hverju þrepi. Nemendur fá lestrarblað með sér heim og lesa það þrisvar sinnum fyrir foreldra. Foreldrar taka tímann þ.e. hversu lengi nemandinn er að lesa allt blaðið auk þess hversu mörg orð eru rétt lesin. Þetta er gert þrisvar sinnum og skráð á sérstakt lestrarátaksblað. Nemandinn les svo sama blað fyrir kennarann í skólanum daginn eftir. Markmiðið er að nemandinn lesi blaðið villulaust á einni mínútu. Nemandi getur þurft að lesa blaðið aftur heima ef hann nær ekki tilsettum markmiðum. Annars fær hann næsta blað.

PALS – Pör að læra saman

PALS lestraraðferðin byggir upp færni nemenda í lestri og lesskilningi með æfingum sem þeir vinna í 35-45 mínútur í senn, þrisvar sinnum í viku. Nemendur vinna saman í pörum og aðstoða hvor annan við að bæta lesturinn. Þörin nota stigakerfi sem hvatningu og gefa sér stig m. a fyrir að ljúka verkefnum. Kennarinn fylgist með pörunum og aðstoðar þau eftir þörfum við að bæta lesturinn. Markmiðið með aðferðinni er að gefa kennaranum kost á að þjálfra alla nemendur samtímis í lestri.

Heimalestur

Nemandi les heima í lestrarbók sem kennari lætur hann hafa. Einhver fullorðinn hlustar á nemandann lesa og skráir svo á skráningarblað. Fyrst les nemandi bækur af bókasafni kennarans. Þegar nemandi hefur lokið öllum bókum á þeim lista les hann bækur sem hann velur í samráði við kennara á bókasafni skólans. Nemendur á unglingastigi halda lestrardagbók sem þeir skila vikulega.

Bókasafn kennarans

Bókasafn kennarans er safn þeirra bóka sem til eru og eru notaðar í heimalestri nemenda fyrstu árin. Bókunum er raðað á bókalista eftir þyngd.

Hópalestur

Kennari skiptir nemendum bekkjarins upp í lestrarhópa. Nemendur í sama lestrarhóp eru með sömu bókina, stundum fylgja vinnubækur með. Kennari setur nemanda fyrir í lestrarbókinni, nemandi les heima og einhver fullorðinn hlustar og skráir á skráningarblað sem geymt er í bókinni. Nemendur hvers hóps lesa svo heimalesturinn saman með kennara, kennari ræðir við þá efnið, spyr lykilsurninga, skoðar vinnubók ef hún er með og skráir á skráningarblaðið.

Hljóðlestur/yndislestur

Nemendur eru með bók í skóla sem þeir lesa í þegar þeir eru í hljóðlestri. Þegar nemendur eru í hljóðlestri er gott næði í stofunni og hver nemandi les í sinni bók. Mikilvægt er að hafa bókamerki í bókunum og að þær séu geymdar á vísun stað. Eins er mjög gott að hafa skráningarkerfi á hljóðlestrarbókum nemenda.

Mínútuspjöld

Gömlu góðu mínútuspjöldin eru alltaf sígild. Nemandi fer heim með eitt spjald sem hann les u.þ.b. þrisvar fyrir einhvern fullorðinn sem hlustar og tekur tímann. Áhersla skal lögð á það að nemandinn lesi spjaldið hratt en rétt. Skráningarblað fylgir lestrarspjaldinu og skal skrá tíma allra tilrauna, númer spjalds sem lesið var og eins skal hlustandi kvitta. Nemandi fær svo nýtt spjald í skólanum. Mjög gott er að vinna með mínútuspjöldin í stuttum lotum í einu eða að nota þau sem lestrarátak.

Samlestur í 6. og 7. bekk

Kennari skiptir bekknum sínum upp í hópa eftir getu. Nemendur í sama lestrarhóp eru með sömu lestrarbókina. Kennari útbýr ákveðið skráningarblað eða að nemendur útvega skráningarstílabók. Kennari setur svo hverjum hóp fyrir blaðsíður fyrir næsta dag munnlega og nemendur bera ábyrgð á að skrá það hjá sér. Hver og einn nemandi les heima og daginn eftir koma hóparnir saman (allir á sama tíma) og lesa saman yfir það efni sem lesið var heima. Hægt er að gera nemendur ábyrga til skiptis til að stjórna samlestrinum, stjórna hver byrjar og hversu mikið hver og einn les. Þegar hópurinn hefur lokið samlestrinum gefur kennari þeim upp heimalestrarblaðsíður fyrir næsta dag. Ágætt er að koma því á að ef nemandi er veikur þá les hann engu að síður þrjár næstu blaðsíður.

Lestrarmót

Lestrarmót er samvinnuverkefni milli árganga skólans. Nemendur á ólíkum aldri hittast reglulega og lesa saman. Nemendur parast saman, oftast einn yngri og einn eldri nemandi og lesa þeir hvor fyrir annan. Verkefninu er ætlað að bæta lestrarnámið og gera það fjölbreyttara en einnig að efla félagsfærni og sjálfstæði nemenda. Nemendur í 1. bekk eignast með þessum hætti félagi í 5. bekk og hittast þessir félagar og lesa saman jafnvel næstu þrjá vetur. 2. bekkur vinnur með 6. bekk og 3. bekkur með 7. bekk.

Hraðlestur

Hraðlestur er sérstök tækni sem hægt er að beita við lestur á hvaða lesefni sem er og á hvaða tungumáli sem er. Hraðlestrartækni veitir einstaklingi sem beitir henni meiri einbeitingu við lestur um leið og skilningur er jafnan mun meiri. Einbeitingin við lestur fer úr því að reyna svæfa lesandann við að lesa orð fyrir orð í bókinni og yfir í að meðtaka efni texta og skilja hann. Aðferðin ýtir undir að lesandi nýti augun markvissar við lesturinn, lágmarki þá venju að heyra orðin sem lesin eru í huganum og fækka þeim skiptum sem augun lesi aftur og aftur sömu setninguna eða orðin. Þekking á hraðlestrartækni veitir nemanda fleiri verkfæri til að sinna lestrinum. Í stað þess að lesa allt efni á sama hraða er hægt á lestrarhraða eða hann aukinn eftir því sem efnistökk kalla á. Lesandi er þar með orðinn virkari þátttakandi við lesturinn og hann hefur um leið meiri stjórn á hvernig hann les tiltekið efni.

Hugtakakort

Hugtakakort er ákveðin námstækni til að auka lesskilning nemenda. Þeir nota myndrænt skipulag til að skipuleggja það námsefni sem þeir eru að vinna með hverju sinni. Hugtakakortin sýna tengsl orða, hugtaka, hugmynda eða verkefna miðað við einhverja miðju sem er orð eða hugmynd. Þessi vinna auðveldar nemendum að gera sér grein fyrir hvað þeir vita um námsefnið og læra þeir að flokka og raða hugmyndum og hugtökum til að setja fram á myndrænan hátt.

Gagnvirkur lestur

Gagnvirkur lestur felur í sér kennslu fjögurra þátta, sem oftast fer fram í hópakennslu. Nemendur læra að taka saman meginatriði til að greina mikilvægustu atriði textans. Einnig að spyrja spurninga um efni textans á mismunandi hátt. Tilgangur þess að spyrja spurninga er að athuga hvort lesandi hafi skilið efnið og fest í minni það sem mikilvægt er að muna úr því. Að útskýra krefur nemendur um að taka eftir orðum eða hugtökum sem þeir skilja ekki og leita skýringa. Með því að spá fyrir rífa nemendur upp það sem þeir vita fyrir um efnið og setja fram tilgátu um hvað gæti gerst næst. Síðan lesa þeir áfram til að sannreyna, afsanna eða endurskoða tilgátuna. Þessir þættir auka skilning og gefa lesara tækifæri til að fylgjast með skilningi sínum sem er hluti af góðri námsvitund. Nemendur læra að nálgast lestur á virkan og skipulagðan hátt og læra námshegðun sem hjálpar þeim að verða sjálfstæðari í lestri sínum og færari um að fást við stöðugt flóknara lesefni.

Fjölpjóðaver

Við skólann er fjölpjóðaver þar sem nemendur með annað móðurmál en íslensku fá aðstoð við að ná tökum á íslenskunni. Þessir nemendur hafa ólíkan menningarlegan, mállegan og námslegan bakgrunn. Því hafa þeir misjafnar forsendur til að takast á við nám í íslenskum skólum. Kennsla í íslensku sem öðru tungumáli þarf að taka mið af stöðu nemenda í námi. Viðfangsefni íslenskukennslunnar eru samræmd og samhæfð öllum námsgreinum þar sem aðaláhersla er lögð á orðaforða og málskilning.

Lestrarvinir

Verkefnið Lestarinir gengur út á það að fá kennara sem eru komnir á eftirlaun og aðra áhugasama til að koma í skólann þrisvar sinnum í viku. Lestarinirnir aðstoða nemendur sem eiga í erfiðleikum með að tileinka sér góða lestrarfærni og/eða hafa veikt bakland. Ætlunin er að fá 6 aðila í verkefnið sem fer fram eftir hádegi. Notuð verður ein stofa í skólanum til að sinna þessu verkefni. Lestrarefnið er skipulagt af deildarstjóra í samvinnu við umsjónarkennara. Nemendur sem fara í verkefnið fá aðstoð í 10 mínútur á dag, þrjá daga vikunnar.

Sumarlestur

Myllubakkaskóli er í samstarfi við Bókasafn Reykjanesbæjar um sumarlestur nemenda. Nemendur fá skráningarblað í skólanum að vori sem þeir geta svo notað í sumarlestri sem bókasafn bæjarins stendur fyrir. Þegar nemandi hefur lokið bók fær hann stimpil á bókasafninu. Nemendur skila síðan skráningarblaðinu að hausti til umsjónarkennara og fá viðurkenningu fyrir. Hugmyndin með sumarlestri er að viðhalda lestrarfærni nemenda yfir sumartímann.

Skólinn stendur einnig fyrir foreldralestri yfir sumartímann. Foreldralestur kallast það þegar foreldri les fyrir barnið og barnið kvittar fyrir. Nemendur fá kvittunarblað fyrir foreldralestri að vori og skila á haustin.

Nánar um matstæki

Bókstafakönnun

Kennari þarf að þekkja stöðu nemenda sinna í lestrarferlinu þegar grunnskólanám þeirra hefst. Bókstafakönnun er lögð fyrir á fyrstu dögum skólagöngunnar og eins oft og þurfa þykir eða þar til nemandinn hefur tileinkað sér tákn, heiti og hljóð stórra/lítilla bókstafa.

Lesferilspróf

Lesferill er matstæki Menntamálastofnunar á grunnþáttum læsis. Hlutverk þess er að meta lesfimi, lesskilning, málskilning, orðaforða og ritun. Enn sem komið er er lesfimi aðeins metin með Lesferli en áætlað er að allir þættir verði tilbúnir haustið 2021. Lesferill inniheldur stöðupróf í lesfimi þar sem lestrarhraði og lestrarnákvæmni nemenda er metin og skráð í rétt lesnum orðum á mínútu. Prófað er í september, janúar og maí og viðmið Menntamálastofnunar höfð til hliðsjónar.

Matsrammi fyrir lestrarlag

Lesfimi er færni sem byggir á nákvæmni, sjálfvirkni og hrynrunum þáttum tungumálsins en allir þessir þættir stuðla að auknum lesskilningi. Lesfimi birtist í sjálfvirkum fyrirhafnarlausum lestri í viðeigandi hendingum og með réttu hljóðfalli. Lestrarlag nemandans er mikilvægur hluti lesfimimatsins. Nemandi sem hefur gott vald á lestri les með eðlilegu hljómfalli og áherslum og nýtir sér greinarmerki til þess. Lestrarlag er vísbending um skilning því til að geta lesið texta með réttum áherslum og túlkun þarf skilningur að vera til staðar. Þegar lestrarlag er metið eru eftirfarandi þættir metnir: Tjáning og raddstyrkur, hvort lesið er í hendingum og góður hrynjandi, flæði lestursins og hvort hraði er jafn og eðlilegur.

Leið til læsis

Nemendur taka lesskimunarpróf þar sem athugaðir eru eftirfarandi þættir: málskilningur og orðaforði, bókstafa- og hljóðabekking, hljóðkerfis- og hljóðavitund. Lesskimuninni í 1. bekk er síðan fylgt úr hlaði með ítarlegum kennsluleiðbeiningum, fræðslu um lestur og þróun hans ásamt hugmyndum að bekkjarskipulagi og kennsluaðferðum sem gefið hefur góðan árangur við að mæta þörfum nemenda í blönduðu skólaskipulagi. Kerfið byggir á hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun (þ.e. að taka á hugsanlegum vanda áður en hann verður að vandamáli). Kennurum er leiðbeint sérstaklega hvernig hægt er að vinna með þá nemendur sem lenda í áhættuhópi skv. lesskimunarprófinu. Eftirfylgniþróf eru lögð fyrir reglulega í 1. - 3. bekk til að meta stöðu nemandans.

Lesskilningspróf

Fjögur próf á hvorri önn í hverjum árgangi. Öll próf eru geymd í möppu hjá deildarstjóra.

Skimunarprófið Læsi

Læsi er staðlað lesskimunarpróf, upphaflega samið í Noregi en þýtt og staðfært fyrir íslenska nemendur að tilstuðlan Menntamálaráðuneytis. Staðlað próf þýðir raunverulega það að sama prófið er lagt fyrir ákveðinn aldur nemenda á ákveðnum tíma árs. Innihaldið er ávallt sambærilegt, þ.e.a.s. engin breyting er gerð á formi eða innihaldi milli ára. Markmið Læsis er að veita kennurum og foreldrum upplýsingar um stöðu nemanda svo unnt sé, í samstarfi við foreldra, að haga kennslu og lestrarþjálfun á þann hátt að nemandi hafi sem mest gagn af. Einnig getur það hjálpað kennurum að koma auga á vísbendingar sem gætu mögulega bent til lestrarörðugleika þegar fram líða stundir. Mikilvægt er að átta sig á því að skimunarprófið segir ekki til um hversu langt nemendur munu ná í lestri heldur er eitt af megin markmiðum skimunarprófsins að greina stöðu nemenda.

Orðarún

Lesskilningsprófið Orðarún er ætlað nemendum í 3. til 8. bekk. Prófið er staðlað og eru tvö próf fyrir hvern árgang. Kennarar hafa því tækifæri til að meta stöðu nemenda í upphafi og lok námslotu. Hvert próf samanstendur af tveimur textum og fylgja tíu fjölvals-spurningar eða fullyrðingar hvorum texta. Nemendur í 3. og 4. bekk velja á milli þriggja svarmöguleika en eldri nemendur velja á milli fjögurra svarmöguleika. Orðarún kannar hversu vel nemendur skilja meginefni texta og átta sig á staðreyndum. Prófið kannar einnig hversu vel nemendur geta lesið á milli línanna og þannig dregið ályktanir um þætti sem standa ekki beinlínis í textanum. Að auki gera nemendur grein fyrir þekkingu sinni á erfiðum orðum og orðasamböndum. Efni textanna þyngist eftir því sem nemendur eldast, orðum fjölgar og letrið minnkar. Spurningar verða að sama skapi þyngri.

Samræmd próf

Námsmatsstofnun sér um framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 9. bekk samkvæmt reglugerð nr. 435/2009 og samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Prófað er í íslensku, stærðfræði og ensku í 9. bekk en í 4. og 7. bekk er prófað í íslensku og stærðfræði.

Logos

Logos er greiningartæki til að greina lestrarerfiðleika hjá nemendum og er prófið í 17 þáttum. Þættirnir greina færni í leshraða, lesskilningi, skilningi á hlustun, umkóðunarfærni og annarri lestrartengdri færni. Flestir prófþættir eru metnir með tilliti til áreiðanleika og viðbragðsflytis. Prófin eru stöðluð þannig að hægt er að meta niðurstöður í samanburði við jafnaldra. Niðurstöður prófanna er hægt að sjá í töfluformi og grafískum útfærslum sem sýna stöðu nemandans, bæði sterkar og veikar hliðar. Með þessu móti geta bæði foreldrar og sá sem er prófaður fylgst með framvindu lestrarnámsins. Fjórir þættir skimunarinnar (lestrarhraði, lesskilningur, lestur með hljóðaaðferð og lestur út frá rithætti) eru lagðir fyrir alla nemendur í 3., 6. og 8. bekk í Reykjanesbæ.

Hugmyndir fyrir foreldra

1. Talaðu við barnið

Segðu barninu sögur.

Hvettu barnið til að segja frá t.d. hvernig dagurinn var, frá íþróttum og öðrum leikjum.

Spurðu spurninga til að sýna barninu að þú hafir áhuga á því sem það gerir.

Syngdu með barninu t.d. stafrófsvísur.

Farðu í rím- og orðaleiki við barnið.

2. Lestu með barninu

Lesið saman alls konar lesefni og ræðið.

Lestu með barninu þau orð sem það á erfitt með að lesa svo að lestrarstundin verði jákvæð en dragist ekki á langinn.

Lestu til skiptis við barnið, nokkrar línur í einu.

Lestu upphátt fyrir barnið með innlifun. Það er skemmtilegt að nota stundum nafn barnsins í stað persónu í sögunni.

Lestu uppáhaldsbækur barnsins aftur eins oft og barnið vill hlusta.

Farið á bókasafn saman. Það er ágæt tilbreyting að nota stundum hljóðbók með lestrarbók.

Mundu að lestur á að vera skemmtilegur. Ef þér finnst gaman, finnst barninu það líka.

3. Lesið daglega

Taktu frá tíma á hverjum degi (10 – 15 mínútur) þar sem þú getur einbeitt þér að því að lesa fyrir barnið eða með því.

Veljið þægilegan stað til að lesa.

Veldu heppilegan tíma til lesturs, þegar ekki er von á truflun.

Vertu þolinmóð(ur), gefðu barninu tíma til að glíma við erfið orð.

Veljið ólíkar bækur til að auka orðaforða barnsins.

Hrósaðu barninu fyrir að tala um hugmyndir sínar og að spyrja spurninga.

Takið bækur með ykkur ef farið er að heiman.

Sýndu barninu að þér finnist bókin skemmtileg með því að sýna áhuga og spyrja spurninga.

4. Lesskilningur

Pú getur stutt við lesskilning barnsins með því að nota mismunandi lesskilningsaðferðir:

Tengja efnið við það sem barnið þekkir.

Hjálp því að sjá fyrir sér það sem gerist í sögunni.

Spyrja spurninga um leið og lesið er.

Draga fram lykilatriði.

Lesið milli línanna.

Draga saman upplýsingar.